

sent hingað bænarskrá, þar sem presturinn að Breiðabólstað á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu, prófastur sira Guðm. Einarsson sækir um, að tjeðu prestakalli verði veitt 600 kr. lán af almannaþje fyrir sakir jarðabóta þeirra, sem hann hefir látið framkvæma á prestssetrinu. **145**  
25. sept.

Út af þessu skal yður, herra landshöfðingi, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að hið umbeðna lán veitist hjer með Breiðabólstaðar prestakalli, svo framarlega sem nægilegt fje er fyrir hendi í viðlagasjóðnum, sem ráðgjafanum er ókunnugt um, þannig að af láninu sjeu greiddir 4 af hundraði í vöxtu á ári, og að lánið sje endurborgað á 12 árum samfleytt með 50 kr. árlegu afnámsgjaldi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubýggingar.* — Þjer hafð, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá kirkjugjörðar-nefndinni í Stykkishólmi með álitu stiptsyfirvaldanna, um að fá, til þess að fullgjöra nefnda kirkju, auk hins fyrveitta 2000 kr. láns, sem getur um í brjefi ráðgjafans 25. maí f. á., enn handa sömu kirkju 1000 kr. lán úr viðlagasjóðnum með sömu kjörum, sem hið fyrnefnda lán. Getið þjer þess, að sóknarbúar hafi ábyrgzt, að greiddir sjeu 4 af hundraði í vöxtu af láni því, sem búið er að veita, og að það verði endurborgað með 80 krónum árlega, og leggið þjer til, að lán það, er nú er beðið um, verði veitt gegn 4% ársvöxtum, og þannig, að það verði í sameiningu við hið fyrveitta 2000 kr. lán endurborgað með 80 kr. árlega, en þetta afnámsgjald skuli þó lántakendur skyldir að hækka upp í 100 kr. árlega eptir nánari ákvörðun yðar. **146**  
25. sept.

Fyrir því skal til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn, svo framarlega sem peningar eru fyrir hendi, en um það vantar skýrslu, veitir hjer með hið umbeðna lán, sem ber að greiða árlega vöxtu af með 4 af hundraði, og endurborga ásamt hinu fyrra láni, 2000 kr. að upphæð, með 100 króna árlegu afnámi, þó ber þess að gæta, að bæði vaxtalúkning og endurborgun sje annaðhvort tryggt á sama hátt og hið fyrra lán, 2000 kr., eða að fyrir því sje sett önnur löggild trygging.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir að kenna organslátt.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það, er Jónas organisti Helgason hafði sent hingað, og þar sem hann fer fram á að fá þóknun af fje því, sem með 15. gr. fjárlaganna er ákveðið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir að hafa veitt tilsögn í söng og organslátti alls 8 ungmennum, og eru 5 þeirra þegar farnir að leika á organ og stýra söngnum í 5 kirkjum landsins — hefi jeg af fje því, er nefnd fjárlagagrein ræðir um, veitt beiðandanum 300 kr. þóknun og ávísað honum upphæð þessari til útborgunar úr jarðabókarsjóði. **147**  
26. sept.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með að tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ráðstafanir gegn sandfoki.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafð þjer, herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins farið þess á leit, að Sveini búfræðingi Sveinssyni, **148**  
26. sept.

1) sjá stjórntíð. 1878 B. 96.

**148** sem ætlar að dvelja utanlands í vetur á landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn, verði  
26. sept. boðið að ferðast yfir á Jótland til að kynna sjer þær ráðstafanir, sem þar eru við hafðar, til að stemma stigu fyrir sandfoki, og að honum sje síðan falið á hendur á sumri komanda að framkvæma svo yfirgripsmiklar tilraunir í þessa stefnu í Skaptafellssýslu, sem kostur er á, og bætið þjer því við, — að eptir álitu amtsráðsins mætti til kostnaðarins við þessar tilraunir og undirbúning verja nokkru af því fje, sem í fjárlögnum fyrir árin 1878—1879 hefir verið veitt til eflingar landbúnaði og sjáfarútvegi.

Fyrir því veitist hjer með samþykki mitt til þess, að áminnt útgjöld, að svo miklu leyti sem þau til falla á yfirstandandi fjárhagstímabili, sjeu tekin af þeim hluta, er ætlaður er suðurumdæminu af fje því, er getur um í 10. gr. c. 5. fjárlaganna, og læt jeg hjer með fylgja samrit af brjefi frá 17. þ. m., þar sem Sveinn Sveinsson skýrir mjer frá, að hann geti ekki á árinu 1880 tekizt á hendur sama starf fyrir hið opinbera, sem hingað til, þar eð hann ætli sjer að dvelja í Danmörku næsta sumar, en að hann aptur óski, að takast á hendur greint starf sumarið 1881 hjer á suðurlandi. Þó að jeg þannig sjái mjer ekki fært að verða við tilmælum amtsráðsins, um að fá Svein búfræðing til framkvæmda í Skaptafellssýslu að sumri komanda, vil jeg skjóta því til yðar, herra amtmaður, hvort ekki sje samt sem áður ástæða til á þann hátt, sem þjer hafð bent á, að gjöra undirbúning til þess, að hið fyrirhugaða starf verði framkvæmt af Sveini Sveinssyni sumarið 1881, og jafnframt mælast til þess, að þjer gjörrið við hann samning þann, sem nauðsynlegur er í þessu tilliti.

**149** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*  
9. okt. vald sveitarstjórnar gagnvart lausamönnum. — Eptir að hreppstjóriinn í Austur-Eyjafjallahreppi hafði í desembermánuði 1873 tilkynnt sýslumanninum í Rangárvallasýslu, að Sigríður nokkur Þórarinsdóttir væri vistarlaus þar í hreppi, og eptir að skrifazt hafði verið á um, hvar hún ætti sveit, var hún 1875 flutt austur í Hofshrepp í Austur-Skaptafellssýslu samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar samastaðar, er játaði hana þar fœdda, og gjörði jafnframt Austur-Eyjafjallahreppur tilkall til endurgjalds á 61 kr. 79 a., er hreppsnefndin taldi sig hafa lagt með henni fardagaárin 1874—1875 og 1875—76. Hofshreppur skoraðist aptur á móti undan því að greiða þessa upphæð, neitadi því, að styrkur þessi hefði verið lagður Sigríði á löglegan hátt, og hjelt því fram, að með því að Sigríður hefði komið inn í Austur-Eyjafjallahrepp vorið 1865, en ekki fluzt úr honum aptur fyr en eptir fardaga 1875, væri hún nú í rauninni búin að ávinna sjer sveit þar. Þegar málið þar eptir var borið upp fyrir yður, herra amtmaður, lögðuð þjer að fengnum ítarlegri skýringum 31. janúar þ. á. þann úrskurð á það, að Hofshreppur væri framfærslusveit Sigríðar, og ætti að endurgjalda Austur-Eyjafjallahreppi hinn umrædda styrk með 62 kr. 52 a., og hefir hinn fyrnefndi hreppur áfrýjað úrskurði þessum hingað.

Þó Sigríður hafi ekki verið yfirheyrd í málinu, má sjá af skjölum þess, að hún hafi ekki farið þess á leit við hreppsnefndina í Austur-Eyjafjallahreppi að fá sveitarstyrk. Aptur á móti er það nóg samlega sannað, að Sigríður hafi verið vistarlaus árið 1873—74, og ekki átt sjer annað hœli en hjá gömlum húshjónum, er þáðu af sveit, og sem höfðu leyft henni að vera að áskildu samþykki sveitarstjórnarinnar. Þegar hún nú vorið 1874 ekki útvegaði sjer reglulega vist í hreppnum, og enn ekki var búið að úrskurða, hvar hún ætti sveit, kom sveitarstjórnin henni fyrir hjá bónda með meðgjöf, og virðist hreppsnefndin eptir því, sem á stóð, að hafa haft noga heimild til þessa, og framfærslu-